Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

31 tölublað | Þriðjudagur 6.11. 1979 | 8. árgangur | Kr. 200.-

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Kemur verkafólki pólitíska baráttan ekki við?

Umræðufundir samtakanna til vinstri við Alþýðubandalagið, sem haldnir voru að frumkvæði Kommúnistaflokksins fyrir skemmstu, opinberuðu ljóslega þá fagfélagshyggju sem svífur yfir vötnunum í íslenskri vinstrihreyfingu. Margir formælendur Fylkingarinnar og EIKm-l á fundi sem haldinn var í Þjóðleikhúskjallaranum 28. október s.l. þræddu hinn breiða veg fagfélagshyggjunnar samviskusamlega í málflutningi sínum. Einkum bar þó á tvennu í málflutningi þessara aðila.

"Gerum byltinguna í þessum kosningum".

Þessi merkilegu ummæli lét Ragnar Stefánsson, formaður Fylkingarinnar falla á ofannefndum fundi og ítrekaði um leið þá skoðun flokksbræðra sinna, að þátttaka Fylkingarinnar væri til þess eins að kynna heildarstefnu samtakanna. Ragnar sakaði Kommúnistaflokkinn um að vilja þynna út marxíska pólitík í sameiginlegu framboði þessara samtaka (þ.e. Fylkingarinnar, EIKm-l og Kommúnistaflokksins) og taldi að ágreiningsefnin væru svo mörg og djúpstæð, að ekki yrði unnt að leysa þau fyrir kosningarnar. Hugmyndir Kommúnistaflokksins gengu aldrei út á það, að "endanleg lausn" fengist á málefnum og deiluefnum þessara samtaka. Flokkurinn lét hins vegar þá ósk í ljós, að forvígismenn þeirra gerðu sér ljóst, að framundan eru hörð stéttaátök og aukin harka íhaldsins gegn verkalýðshreyfingunni. Í ljósi þeirrar staðreyndar vildi Kommúnistaflokkurinn fylkja sem flestum vinstrisinnum til sameinaðs átaks gegn sameiginlegum óvini, hætta hártogunum og deilum yfir smærri atriðum og snúa bökum saman gegn auðstéttinni. Þótt deilumálin yrðu ekki leyst, hefði mátt skapa málefnasamning sem hægt hefði verið að safna baráttusinnum kringum og efla andstöðuna gegn aukinni hægrisveiflu í þjóðfélaginu. En Fylkingin hefur allt annað í huga. Pólitískt mat hennar er það, að í því umróti sem skapast hefur við stjórnarslitin, geti hún skákað til sín hálfu hundraði atkvæða til viðbótar af óánægðum Alþýðubandalagsmönnum. Slíkt mat er bæði eiginhagsmunasinnað og þröngsýnt, því þegar fram líða stundir munu slík óánægjuatkvæði ekki megna sín mikils, jafnvel þótt þau hafi verið greidd byltingarsinnaðri heildarstefnu Fylkingarinnar.

"Að gera byltinguna í þessum kosningum" með hreinfræðilegri bókakynningu, er ekki aðeins pólitískur barnaskapur, heldur beinlínis hættulegt í núverandi ástandi. Það er full þörf sameiningar hinna róttæku afla, en almenningur hefur lítið gagn af fræðilegum lestri vinstri samtakanna.

framhald á síðu 2



Þessi fundur er árangur sameiginlegra aðgerða EIK og KFÍ á 1. maí '76.

Afstaða KFÍ/ML til kosninganna

Að undanförnu hafa farið fram umræður innan Kommúnistaflokksins um þá einangrunarstefnu sem ríkir í vinstrihreyfingunni og hvað sé þar til úrbóta.

Þegar skyndilega spurðist um stjórnarslit og væntanlegar alþingiskosningar, ræddi miðstjórnin ástandið og taldi rétt að reyna að stefna að sem víðtækustu framboði sósíalista. Þær tilraunir báru ekki árangur eins og fram kemur annars staðar í blaðinu.

Þegar sú niðurstaða lá fyrir mátu félagar Kommúnistaflokksins aðstæður og ákváðu að bjóða ekki fram nú.

Afstaða KFÍ/ML til borgaralegu flokkanna fjögurra er löngu kunn. Við teljum alla þessa flokka ganga beinna erinda auðvaldsins, munurinn felist aðeins í mismunandi tökum á verkalýðshreyfingunni til að koma fram árásum á kjör og réttindi alþýðunnar. Ljóst er því að Kommúnistaflokkurinn hvetur fólk til að kjósa ekki þá flokka.

Varðandi Fylkinguna kom sú spurning upp hvort stuðningur við hana væri ekki andóf við stefnu borgaralegu flokkanna. Því verður því miður að hafna. Í undangengnum umræðum hefur það komið berlega í ljós að Fylkingin hefur ekki hug á að efla vinstri hreyfinguna á Íslandi, heldur virðist hún algjörlega sátt við það hlutverk sitt að vera vesæll þrýstihópur á Alþýðubandalagið, sem gefur fólki kost á sýndarmótmælum í Reykjavík en styður Alþýðubandalagið annars. Fylkingin þjónar því nú sem hvert annað hundsskott á alþýðubandalagsrassi. Fylkingin verður að gera upp við það hlutverk sitt og ganga til liðs við önnur róttæk öfl. Fyrr en hún gerir það verður ekki litið á hana sem valkost.

Kommúnistaflokkurinn telur að kommúnistar eigi að taka þátt í þingkosningum þegar þess er kostur, rétt eins og öðrum þjóð-

frh. á síðu 2

Verðtryggð lán: Eru þau hagstæðari?

Áður hefur í Stb. verið fjallað um hin nýju verðtryggðu lán sem nú er almennt verið að taka upp. Því er haldið fram af hálfu þeirra sem að þessari breytingu standa, að verðtryggð lán verði lántakandanum hagstæðari en núverandi lánakjör bjóða uppá.

En ef dæmin sem okkur eru borin á borð eru skoðuð gaumgæfilega kemur í ljós að þarna eru á ferðinni svo gífurlegar rangfærslur að sérhverjum sæmilega siðuðum og heiðarlegum manni hlýtur að blöskra.

Lítum á töflu sem gerð hefur verið af hinu opinbera (Húsnæðismálastofnun).

Dálkur I. er yfir lán til 21. árs, afborgunarlaust 1sta árið, vextir eru 25%.

Dálkur II er yfir 25 ára lán, 100% verðtryggð, vextir 2%, vísitöluhækkunin er gefin 30% á ári.

Dálkur III er yfir 25 ára lán, 65%, verðtryggð, vextir 9,75%, vísitöluhækkun er gefin 30% á ári.

Dálkur 4 er yfir kaup sem í upphafi lánstímabils er 220.000. Gefin er 30% vísitöluhækkun á ári.

Lánið er 3.000.000.-í öllum dæmunum.

framhald á síðu 3

LEIÐARI

Hreyfingin til vinstri við Alþýðubandalagið

Nýlega var gerð markverðasta tilraunin til sameiningar vinstri afla gagn hinni miklu hægri þróun sem á sér stað meðal allra stjórnmálaflokka, ekki síst Alþýðubandalagsins.

Fulltrúar Kommúnistaflokks Íslands höfðu for göngu um þessa tilraun til að mynda sameiginlegt framboð samtaka til vinstri við Alþýðubandalagið.

Þrátt fyrir að ekkert hafi orðið úr sameiginlegu framboði, sem ber vissulega að harma, þá leiddu viðræðurnar í ljós að samstarfsgrundvöllur er milli þessara samtaka.

Nú þegar er stefnt að auknu samstarfi innan ýmissa fjöldahreyfinga.

Því ber að fagna.

Öll þessi samtök hafa yfirlýst sömu markmið, að byggja sósíalisma á Íslandi, en greinir að vissu leyti á um leiðir til markmiðsins, auk ágreinings í nokkrum málum.

Í vaxandi mæli hafa menn á hinn bóginn gert sér grein fyrir að þessi ágreiningur er ekki það mikill að hann eigi að vera þrándur í götu náins samstarfs. Hér er ekki verið að gera lítið úr þessum ágreiningi en við verðum að varast að gera meira úr honum en efni standa til. En það er einmitt það sem þessi samtök hafa gert undanfarin ár.

Mörg ágreiningsefnin eru þess eðlis að þau skipta litlu máli í dag, hvað sem gæti orðið.

Þrenn samtök sem öll stefna að þessu sama marki hljóta að vera til trafala fyrir því starfi að skipu leggja fjöldann til baráttu fyrir sósíalísku þjóðfélagi.

Kommúnistaflokkur Íslands hvetur til náins sam starfs þessara samtaka í sem flestum málum.

Kommúnistaflokkurinn hvetur einnig til stofnunar rits, gefnu út af þessum samtökum sameiginlega, sem gæti orðið vettvangur fyrir umræðu um fræðilegan og starfrænan ágreining.

Slíkt samstarf má ekki vera einungis á milli samtakanna þriggja heldur verður einnig að fá óflokksbundna vinstrimenn með í slíkt starf, raunar alla þá sem hafa þetta markmið: sósíalisma á Íslandi.

Það er hæpin röksemd í þessu sambandi að líta til Alþýðubandalagsins sem brjóstvirkis sósíalista. Þeim fer ört fækkandi sem trúa því í alvöru að forysta Alþýðubandalagsins hafi áhuga á að stefna í átt til sósíalisma. Enda má segja að þeir hafi verið óþreytandi við að leiða fólk í sanninn um að þeir hafi ekki í hyggju að hrófla neitt við völdum auðmanna í landinu.

Saga róttækrar vinstri-hreyfingar undanfarin ár er næsta sorgleg. Tíma og kröftum hefur verið eytt í innbyrðis deilur, oft um einskisverð atriði.

Framtíð róttækrar vinstri-hreyfingar markast af því hvort hún hefur þrek og þor til að draga réttar ályktanir af starfi undanfarinna ára.

Ályktun frá SÍNE

Sumarþing SÍNE, haldið 29. júlí í Reykjavík, skorar á alþingismenn að samþykkja framvarp til breytinga á lögum um námslán og námsstyrki er lagt hefur verið fram á þingi. Nái það fram að ganga mun það marka tímamót í sögu baráttunnar fyrir jafnrétti til náms. Allar götur síðan lögin um námslán voru sett, hafa námsmenn sett þá kröfu á oddinn að staðið yrði við stefnuákvæði laganna þess efnis að námslán nægi til framfærslu námsmanna. Sú barátta hefur staðið nú í u.þ.b. tólf ár án árangurs, þótt stjórnmálaflokkarnir hafi verið ósparir á stuðning sinn fyrir þingkosningar þegar þeir hafa þurft á atkvæðum námsmanna að ahlda. Mál er að þingmenn gerist ábyrgir loforð sinna.

(Fréttatilkynning frá SÍNE)

Afstaða KFÍ/ML til kosninganna

framhald af forsíðu

málaátökum. Hins vegar snýst ekki allt starf Kommúnistaflokksins um kosningaundirbúning og atkvæðatölur.

Síðan kosningar voru fyrir ari síðan hefur ástandið í vinstri hreyfingunni ekki breyst til batnaðar og því von á svipuðum niðurstöðum. Hið eina sem hefði getað breytt því var að sósíalistar gengju sameinaðir til átaka. Þar sem það tókst ekki urðum við að viðurkenna að kosningarnar nú væru eitt af fleiri sviðum þjóðmálabaráttunnar sem við gætum ekki tekið þátt í sem skyldi. En því ástandi viljum við breyta. Því munum við vinna að sameiningu sósíalista til þess að þeir geti tekið þann þátt sem skyldi í kosningum sem og baráttu á öðrum sviðum þjóðlífsins. Við teljum að framboð okkar nú, einna og sér, hefði ekki náð að þjóna þeim tilgangi.

Baráttan fyrir öflugum verkalýðsflokki heldur áfram.

Kemur verkafólki pólitíska baráttan ekki við?

framhald af forsíðu

Í rauninni er Fylkingin að hafna því, að hægt sé að nota kosningarnar til þess að skapa samfylkingu róttækra vinstrimanna gegn fyrirhugaðri arðránsherferð íhaldsaflanna.

Vonandi sjá foringjar hennar að sér og snúa frá þröngsýni og einangrunarstefnu sinni og veita þess í stað sameiningu vinstrimanna lið sitt.

Hvers konar verkefni eru nærtæk?

Málflytjendur EIK á fundinum töluðu margir því máli, að nær væri að sinna hinum brýnu og nærtæku verkefnum hagsmunabaráttunnar, heldur en að rjúka til kosninga.

Aðrir hylltust að því, að nýta mætti kosningaslaginn og þá pólitísku vakningu meðal fjöldans sem hann veldur, til þess að vinna að uppbyggingu samfylkingar. Síðarnefnda skoðunin er einmitt sú sem talsmenn Kommúnistaflokksins börðust fyrir. Þeir vildu gera tilraun til þess að sameina alla þá sem unnt væri að sameina á róttækum grundvelli fyrir kosningarnar. Að kosningunum loknum hefði síðan verið hægt að halda uppbyggingarstarfi samfylkingarinnar áfram og efla það, bæði innan fjöldahreyfinganna og á einstökum vinnustöðum.

Fyrrnefnda skoðunin ber hins vegar keim af fagfélagshyggju og hafnar raunverulega þátttöku verkalýðsins og flokka hans í baráttuni um pólitísk völd þjóðfélagsins. Það kann að virðast sem svo, að það sé "nærtækast" fyrir verkalýðinn og flokka hans, að einbeita sér eingöngu að hagsmunamálum fjöldans, kjaramálum og réttindamálum. En í rauninni er það svo, að þeir flokkar sem kalla sig byltingarsinnaða, rísa alls ekki undir því nafni nema þeir taki fullan þátt í pólitísku lífi landsins. Verkalýðsstéttin á að og verður að, skóla foringja sína á vettvangi þingræðisbaráttu og hún má aldrei láta undir höfuð leggjast að sinna pólitískum verkefnum samtíðarinnar, aðeins vegna þess að magafylli og atvinnuöryggi virðist í fljótu bragði "nærtækari" verkefni. Það er einmitt þessi stefna sem leitt hefur íslenska vinstristefnu út í ógöngur. Hún er þess m.a. valdandi, að úrval stjórnmálamanna Alþýðubandalagsins í dag, kemur úr röðum menntamanna; meðan verkalýðsarmurinn á að sinna faglegum málefnum einvörðungu.

Inntak þessarar stefnu er:

verkalýðurinn á ekki að hugsa um pólitík, heldur magann á sér. Hann á að eftirláta menntamönnunum og sérfræðingunum pólitíkina.

Það er nærtækt verkefni í dag að skapa breiða pólitíska fjöldahreyfingu, sem setur sér það verkefni að steypa auðvaldinu og reisa sósíalískt þjóðskipulag á Íslandi. Og það má einskis láta ófreistað til þess að byggja slíka samfylkingu upp. Kosningarnar núna eru einmitt kjörið færi til þess að hefja uppbyggingu slíkrar samfylkingar. En slíkt starf útheimtir bæði þolinmæði og sveigjanleika, nokkuð sem hvorki Fylkingunni né EIK hefur lærst á pólitískum ferli þeirra. Pólitísk barátta er ekki andstæð kjarabaráttu og vinstrisinnar eiga ekki að velja á milli þess að starfa í fjöldahreyfingunum eða í pólitíkinni. Þeir eiga að gera hvort tveggja. Kjarabaráttan er frumstig stéttabaráttu og vinstrisinnar verða að læra að vekja stéttabaráttu meðal fjöldans.

EIK hafa skorast undan því erfiða verkefni, sem slíkt uppbyggingarstarf útheimtir. Að hvetja til að skila auðu í kosningunum er bara fíkjulauf yfir pólitíska blygðun samtakanna.

En ekki er öll nótt úti enn. Sköpun samfylkingarinnar verður að halda áfram.



Frjálst útvarp"

Enn á ný hafa umræður um frjálst útvarp risið. Í þetta sinn sem liður í prófkjörsbaráttu hins svo kallaða verkalýðsleiðtoga Guðmundar H. Garðarssonar. Öldurnar risu þó ekki svo hátt að Guðmundur færi í "öruggt" sæti hjá íhaldinu í Reykjavík.

Þetta vekur talsverða furðu þegar höfð er í huga útreið Þorsteins Pálssonar í sjónvarpi í fyrra. Þar svæfði Ólafur Ragnar málið um stund a.m.k.

Hugtakið frjálst útvarp er nefnilega í meira lagi vafasamt Útvarp einkareksturs yrði fjarri því að vera frjálst. Það væri að sjálfsögðu háð eigendum sínum og auk þess auglýsendum. Það yrði með öðrum orðum að líkindum háð peningavaldinu í landinu. Því er það ekkert undarlegt að einmitt fulltrúar peningavaldsins eru helstu talsmenn málsins.

Ef hugtakið frjálst er skoðað á annan veg, þ.e. að það verði frjálst að stofna útvarp, þá sést einnig í andhverfu þess. Það frelsi myndi takmarkast af möguleikunum, getunni, aðstöðunni.

Krafan frjálst útvarp er einungis krafan um að peningavaldið fái að græða á útvarpsrekstri og fái þar með líka sterkari áróðursaðstöðu.



Við tökum undir með Pétri: Frjálst útvarp, gott og vel, en hvað með frjálsa fisksölu, Guðmundur?

Kosningabarátta Kennedys

Undirbúningur fyrir kosningar í Bandaríkjunum á næsta ári er að komast á skrið þar í landi. Og raunar ekki aðeins þar í landi heldur einnig á Íslandi.

Nýlega var til dæmis kostulegur fréttaauki í íslenska útvarpinu. Þar ræddi fréttamaður um hugsanlegt framboð Edwards Kennedys. Hann ræddi meðal annars um að nayðsynlegt væri fyrir hann að tilkynna framboð sitt strax til að missa ekki af tíma í kosningabaráttunni.

En hvað gerði svo fréttamaðurinn?

Hann gerði það sama og sjálfsagt fleiri fréttamenn. Hann hélt "framboðsræðu" fyrir Kennedy.

Úti í hinum stóra heimi eru pólitíkusar greinilega svo klókir að þeir nota þögn sína til að verða sér úti um ókeypis kosningaáróður.

Manni finnst nú að fréttamenn ættu að sjá í gegn um þetta, a.m.k. fréttamenn á Íslandi og bjóða fólki upp á merkilegri fréttaauka en raun ber vitni.

Það er t.d. ekki vikið einu orði að mismun stóru flokkanna bandarísku eða á nokkurn hátt reynt að skýra um hvaða mál baráttan stendur.

Það er von margra að fréttamenn sjái sóma sinn í því að hafa vandaða og upplýsandi fréttaauka í stað þess að endursegja erlend fréttabréf.

Verðtryggð lán: Eru þau hagstæðari?

framhald af forsíðu

Jæja, hverjar eru þá falsanirnar? Það sem "gleymist" í þessum útreikningi er vísitalan Það er alls ekki verið að tala um sömu vísitöluna í öllum dæmunum. Hækkun lánsins er reiknuð eftir framfærsluvísitölu að 2/3 og byggingarvísitölu að 1/3, hinni svo kölluðu lánskjara vísitölu. En kaupið í dálki IV hækkar alls ekki samkvæmt þessari vísitölu, heldur eftir kaupgjaldsvísitölu, sem eins og allir vita er framfærsluvísitala mínus ýmsir liðir (áfengi, tóbak, launaliður bónda, viðskiptakjararýrnun o. fl.) auk þess sem hún er oftlega tekin úr sambandi. Jafnvel þótt kaupgjaldsvísitala sé tekin úr sambandi þá heldur lánið áfram að hækka samkvæmt lánskjaravísitölunni.

Nú skulum við búa til nýjan dálk og kalla hann nr. V. Þar skulum við gera ráð fyrir að kaupið hækki aðeins um 10% á ári næstu 25 ár í stað 30% sem gefin eru í dálki IV.

Þá er kaupið ekki 155.241.216 eftir 25 ár heldur 2.384.838. Eftirstöðvar lánsins verða hins vegar þær sömu því það reiknast eftir allt annarri vísitölu.

Þá fáum við þá niðurstöðu að lántakinn verður að vinna í tæp 5 ár, aðeins til að hafa fyrir síðustu afborguninni...

Þessi lántaki væri að sjálfsögðu orðinn gjaldþrota löngu áður en að síðustu greiðslunni kæmi. Hann yrði gjaldþrota á 8. - 10. ári en þá væri afborgunin tæp árslaun.

Við þetta má bæta að verðbólga undanfarin ár hefur verið 40 - 50% en alls ekki 30% og að kauphækkanir samkvæmt kaupgjaldsvísitölu hafa verið lægri en verðbólgan.

Hver heimtar þetta?

Hver heimtar þessi lánakjör? Vitaskuld hlýtur það að vera sá sem hagnast á þessu. Ekki lántakinn heldur lánveitandinn. Raunar er dæmið ekki svona einfalt heldur. Fé lífeyrissjóðanna er ávaxtað á ýmsan máta. Meðal annars er það geymt í bönkum. Fé lífeyrissjóðanna er þannig drjúgur hluti af veltufé bankanna; undirritðaur hefur heyrt talað um 1/3 en tekur þó ekki ábyrgð á þeirri tölu.

Aukinn gróði sjóðanna þýðir aukið veltufé bankanna. Þetta fé ávaxtar bankinn á lægri vöxtum en hann lánar það út á. Hann græðir því á lífeyrissjóðunum sem eru vel að merkja uppsöfnuð laun fólksins.

Ríkið hirðir einnig sinn hluta af fénu. Stór hluti þess fer í að kaupa skuldabréf ríkissjóðs.

Lánin eru óhagstæðari

Þessi verðtryggðu lán eru óhagstæðari en þau lán sem nú er boðið upp á. Jafnvel þótt lánin væru verðtryggð miðað við kaupgjaldsvísitölu, eins og sumir hafa hugsað sér, þá er um að ræða óhagstæðari lán.

Það sem er slæmt við núverandi lánakjör er að afborganir plús vextir fyrstu árin eru mjög háar greiðslur samanber töflu I. Á móti kemur að fljótlega lækkar þessi upphæð og verður mjög lág.

Nýju lánin eru hins vegar alla tíð svipuð í hlutfalli við launin þannig að lántakinn kemur eð að greiða fleiri mánaðar- llt í allt.

Launþegar eiga þetta fé.

Fé lífeyrissjóðanna er eign launþeganna. Þeir geyma þetta fé og af því eiga þeir að fá lífeyri þegar þess þarf. Ávöxtun fjárins hlýtur því að eiga að vera í samræmi við eignarhaldið

Það er því í fyllsta máta óeðlilegt að launþegar séu einnig látnir standa undir sjóðunum með greiðslu okurvaxta.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Nú stendur fyrir dyrum breyting á lánakjörum lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Að sögn Kristjáns Torlacius, fulltrúa BSRB í stjórn sjóðsins, eru líkur á að fulltrúar ríkisins og Hæstaréttar muni beita meirihlutavaldi til að ákveða þessi nýju lánakjör, þ.e. verðtryggð lán, bundin viðskiptakjaravísitölu.

Stjórn BSRB hefur hins vegar lagt til að verðtryggingin verði bundin kaupgjaldsvísitölu þannig að lánið geti ekki hækkað hraðar en kaupið. Auk þess leggur stjórnin til að venjuleg lán á hæstu fasteignalánavöxtum verði áfram veitt.

Þetta mál má því skoða sem prófstein á það hverjir ráði lífeyrissjóðunum, fulltrúar BSRB eða fulltrúar ríkisins.



Opinberir starfsmenn heldu fjölmennan útifund á Lækjartorgi í fyrsta allsherjarverkfallinu sem þeir hafa háð. Brýnt er að fylgja launakröfunum eftir með verndun kaupmáttarins. Barátta gegn okurvöxtum er liður í því.

Ár	I. Greiðsla		II. Greiðsla		III. Greiðsla		IV. Laun	Tafla V Laun miðað við 10% hækkun kaupgjaldsvísitölu.
1.	750.000	262.2%	234.000	81.8%	382.552	133.7%	286.000	242.000
2.	900.000	242.1%	300.144	80.7%	458.378	123.3%	371.800	266.200
3.	862.500	178.4%	384.914	79.6%	556.990	115.2%	483.340	292.820
4.	825.000	131.3%	493.534	78.5%	685.187	109.0%	628.342	322.220
5.	787.500	96.4%	632.683	77.5%	851.843	104.3%	816.845	354.442
6.	750.000	70.6%	810.904	76.4%	1.068.495	100.6%	1.061.898	389.886
7.	712.500	51.6%	1.039.116	75.3%	1.350.143	97.8%	1.380.468	428.874
8.	675.000	37.6%	1.331.273	74.2%	1.716.268	95.6%	1.794.608	471.761
9.	637.500	27.3%	1.705.204	73.1%	2.192.217	94.0%	2.332.991	518.937
10.	600.000	19.8%	2.183.680	72.0%	2.811.052	92.7%	3.032.889	570.830
11.	562.500	14.3%	2.795.772	70.9%	3.615.467	91.7%	3.942.755	627.913
12.	525.000	10.2%	3.578.589	69.8%	4.661.207	90.9%	5.125.582	690.632
13.	487.500	7.3%	4.579.475	68.7%	6.020.668	90.4%	6.663.257	759.795
14.	450.000	5.2%	5.858.821	67.6%	7.787.970	89.9%	8.662.235	835.874
15.	412.500	3.7%	7.493.621	66.5%	10.085.460	89.6%	11.260.905	919.461
16.	375.000	2.6%	9.582.007	65.5%	13.072.198	89.3%	14.639.177	1.011.407
17.	337.500	1.8%	12.248.998	64.4%	16.954.956	89.1%	19.030.930	1.112.547
18.	300.000	1.2%	15.653.806	63.3%	22.002.544	88.9%	24.740.212	1.223.801
19.	262.500	0.8%	19.999.088	62.2%	28.564.410	88.8%	32.162.276	1.346.181
20.	225.000	0.5%	25.542.696	61,1%	37.094.832	88.7%	41.810.960	1.480.799
21.	187.500	0.3%	32.612.552	60.0%	48.184.384	88.6%	54.354.252	1.628.878
22.			41.625.476	58.9%	62.600.804	88.6%	70.660.528	1.791.765
23.			53.111.028	57.8%	81.342.144	88.6%	91.858.696	1.970.941
24.			67.741.616	56.7%	105.705.888	88.5%	119.416.312	2.168.035
25.			86.370.560	55.6%	137.378.768	88.5%	155.241.216	2.384.838



Frá mótmælastöðu opinberra starfsmanna meðan samningafundir stóðu yfir.

Áskriftargjöld 1979

VENJULEG ÁSKRIFT : KR.5000.-
BARÁTTU ÁSKRIFT : KR.7000.-
TIL ÚTLANDA : KR.13000.-
TIL ÖRYRKJA OG ELLILÍFEYRISÞEGA : KR.500.-



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
31. tbl. 8. árg. 6.11.1979



STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Hjálmtýr Heiðd.
Box 575
121 R.



Frá kröfugöngu á 1. maí í Reykjavík. Kröguganga sem EIK og KFÍ stóðu að var einnig farin á Akureyri ´76.

Viðtal við Þórarinn Ólafsson

„Brýnt er að skapa öfluga hreyfingu"

Þegar Kommúnistaflokkurinn athugaði möguleika á framboði til alþingiskosninga úti um land, var rætt við fólk á ýmsum stöðum á landinu. Hér fara á eftir viðtöl við tvo af þessum mönnum. Fyrst var rætt við Þórarinn Ólafsson símvirkja á Húsavík.

STB: Heldur þú að sameiginlegt framboð vinstrimanna hefði fengið einhvern hljómgrunn hér á Húsavík?

Þórarinn: Ég get ekki sagt neitt ákveðið um það. Þó tel ég að hér séu nokkuð margir aðilar vinstra megin við Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkinn sem hefðu fengist til starfa og þá jafnvel áfram eftir kosningar

STB: Telur þú að fyrst þessi tilraun KFÍ, að bjóða fram sameiginlegan lista róttækra vinstrimanna, mistókst, þá sé útilokað að ná einingu þessara afla?

Þórarinn: Nei, það er ekki útilokað. Aftur á móti er það nauðsynlegt að samstaða náist sem fyrst því augljóst er að verkalýðsforystan hugsar eingöngu um pólitík þeirra flokka sem hún er í. Því má sjá að brýnt er að skapa öfluga hreyfingu meðal verkafólks til að breyta þessari óheillavænlegu þróun.

STB: Hverja telur þú vera helstu gallana á hópunum vinstra megin við Alþýðubandalagið og hvað telur þú framtíðina bera í skauti sér fyrir þessa hópa?

Þórarinn: Óeining og karp um rangar og réttar línur um leið og þeir missa sjónar á hagsmunum verkalýðsins. Nú er ég ekki á móti umræðu um réttar og rangar hugmyndir, slíkt er nauðsynlegt. Umræðan og fram þróunin á að fara fram í einum og sama flokki um leið og barist er fyrir hagsmunum verkafólks, pólitískum og faglegum. Sé þetta gert er framtíðin björt að mínu mati.

Viðtal við Hauk Sigurðsson

„Samstöðu verður að ná"

Stéttabaráttan hafði samband við Hauk Sigurðsson, formann sjómannadeildar verkalýðsfélagsins á Hellissandi og innti hann eftir áliti hans á sameiginlegu framboði Kommúnistaflokksins, Einingarsamtakanna og Fylkingarinnar og sameiningu íslenskra vinstrisinna. Viðtalið fer hér á eftir.

STB: Af hverju telur þú að áhugi fyrir framboði þessara aðila hafi eflst að undanförnu?

Haukur: Eftir svo stuttan valdatíma vinstristjórnarinnar svokölluðu, sem taldi sig stjórn verkalýðsins, en sýndi og sannaði að svo var ekki, hlýtur mörgum að hafa orðið það ljóst hve illa það hæfir Alþýðuflokknum og Alþýðubandalaginu, að kalla sig verkalýðsflokka. Þessir flokkar hafa sýnt og sannað í verki og í stjórnum hagsmunasamtaka verkalýðsins, þar á meðal í stjórn Verkamannasambands Íslands, þar sem guðfeðurnir Karl Steinar og Guðmundur Jaki hafa hreiðrað um sig.

Verkamannasamband Íslands studdi þessa ríkisstjórn, hún var mynduð að kröfu verkalýðshreyfingarinnar. Verkalýðshreyfingin ábyrgðist þessa stjórn, þess vegna ber henni að axla þá ábyrgð sem því fylgir. Þetta er okkur sem stöndum vinstra megin við þessa flokka ljóst. Okkur er ljóst að samstöðu verður að ná, til þess að afhjúpa sýndarmennsku Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins. Samstarf um framboð hefði getað orðið gott svar við hægri tilburðum þessara aðila. Þess vegna hlýt ég að harma, að Einingarsamtökin skuli ekki hafa séð sér fært að standa að þessu með Kommúnistaflokknum. Þetta er leikur á skákborði einangrunar, sem þeim á eftir að verða ljóst þegar fram í taflið sækir. Afstaða Fylkingarinnar er algerlega í anda hennar. Hún er allt of önnum kafin sem meðhjálpari í samstarfi við Alþýðubandalagið.

STB: Telur þú að sameiginlegt framboð róttæks vinstrafólks hefði orðið hreyfingu þeirra til framdráttar?

Haukur: Ég held tvímælalaust að svo hefði orðið. Framboð hefði verið skref í þá átt að sameina þessa aðila, gera þá að sterkara afli í þjóðfélags- og hagsmunabaráttu verkalýðsins. Það eru til hópar af fólki sem ganga til liðs við róttæka vinstrimenn, ef þeir sýndu það annars staðar en á pappírum og í umræðum, að áhugi sé fyrir sameiningu. Sameining róttækra vinstrimanna, hlýtur að vera lífsspursmál, ef takast á að byggja upp sterkan verkalýðsflokk, sem hefur hagsmuni verkafólks að leiðarljósi.

STB: Telur þú að halda eigi áfram tilraunum til sameiningar EIKm-l og KFÍm-l?

Haukur: Einskis má láta ófreistað til að svo verði. Við verðum sameiginlega að vinna sem andspyrnumenn gegn stéttsvikum forystu verkalýðsfélaganna og vekja upp pólitíska meðvitund meðal verkalýðsstéttarinnar. Það er til fullt af góðu fólki í verkalýðshreyfingunni, sem vantar aðeins forystuafl til að afhjúpa þann loddaraskap sem forystumenn verkalýðshreyfingarinnar stunda. Einbeitum okkur að þessu málefni þá mun okkur veitast besta tækifæri sem gefst. Á umræðufundum, í góðra vina hópi, í verkalýðshreyfingunni, á framboðsfundum (en til þess þurfum við auðvitað að bjóða fram), nýtum við okkur þau áróðurstæki, sem við höfum sjálf byggt upp með launastriti okkar. Látum andstæðinga okkar ekki eina um það. Það er ekki lengur hægt að eyða dýrmætum tíma, fé og fyrirhöfn til þess að karpa um það hvort Kommúnistaflokkur Íslands sé marxískur-lenínískur eða hvort EIKm-l séu marxlenínísk. Við erum það. Þið sem um þetta hafið karpað, þið sem eruð blindir, ljúkið upp augum ykkar og sjá, þá mun sameiningarstefnan bera ávöxt um síðir.



Samtök herstöðvaandstæðinga hafa safnað um sig þúsundum manna. Þar starfa saman allir hóparnir vinstramegin við Alþýðubandalagið. Geta þeir ekki starfað saman á öðrum vettvangi líka?

Áskrift

Ég undirrit$^{aður}_{uð}$ óska eftir að gerast áskrifandi að STÉTTABARÁTTUNNI.

Nafn: ______________________

[illegible]li: ______________________

____

Sendist til: STÉTTABARÁTTAN
Pósthólf 1357
121 Reykjavík